



Alþingi
Erindi nr. P 137/436
komudagur 26.6.2009
Skattstjóri Suðurlandsumdæmis
Vegskálum 1 850 Hella Sí mi 488 5500
Netfang : sudurland@skattur.is Vefsíða: simnet.is/skattur Fax: 487 5844

1

Alþingi
Efniahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Hellu , 25.júní 2009

Unsögn um lagafrumvarp. Mál 118, um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Með tölvupóstbréfi dagsettu 6.mars .sl óskið þér eftir umsögn minni um frumvarp á þingskjali 155, 118. mál yfirstandandi löggjafarþings.

Úri er að ræða frumvarp í 30 efnisgreinum auk gildistökuákvæðis og sjö ákvæða til breiðbirgða um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Fr umvarpið varðar lagasetningu á ýmsum sviðum. Í því er að finna allmörg ákvæði sem lúta að skattframkvæmd og ákvörðun þeirra skatta er heyra undir skattstjóra..

Min umsögn mín lúta að nokkrum atriðum í þeim þætti frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir hækkun tryggingagjalds frá og með næstu mánaðarmótum. Hér er um að ræða skattgreiðslu með gjalddaga þann 1.ágúst nk og eindaga 17. sama mánaðar. Það er pólitísk ákvörðun hvert skuli vera álagningarhlutfall skattsins, en ætla má að auka þurfi aðhald og eftirlit með tryggingagjaldspætti skattskila þegar hlutfallið hefur hækkað svo verulega sem hér um ræðir. Er þar átt við að hættara geti orðið nú en ella við því að gerviverktaka og undirborðssamningar ýmsir verði uppi. Það er hlutverk skattýfirvalda með samvinnu við aðila á vinnumarkaði að stuðla að réttum háttum í þessu efni. Tímamörk breytingarinnar eru og nokkuð þröng enda að ýmsu að hyggja í launakerfum launagreiðenda ofl þegar slíkar breytingar eru gerðar. Að því tilskildu að tímamörk haldist og hugað verði að eflingu eftirlits og þjónustu ætti framkvæmd þessa atriðis ekki að verða vandkvæðum bundin.

Virðisaukaskatti hefur undanfarin misseri verið breytt með tilfærslu einstakra vörutegunda milli skattþrepa og útvíkkun endurgreiðsluheimilda ofl. Með frumvarpinu er enn gert ráð fyrir töluverðri röskun núverandi kerfis frá og með september mánuði nk. Er fyrsta greiðslan með hinum nýju reglum með eindaga 7. desember 2009. Hér er á ferðinni breyting sem felur í sér ákaflega flókna framkvæmd sem kallar á töluverða undirbúningsvinnu og aðhald. Nútíma vinnubrögð og tækni gera slíka vinnu að vissu leyti auðveldari en við er að búast en engu að síður er hætta á mistökum og jafnvel meðvituðum undandrætti þegar slík kaflaskipti verða. Enn kallar þetta á sértaka aðgát og öflugt upplýsingastreymi hjá skattstofum sem á aðhalds- og sparnaðartímum hafa etv ekki þá kosti sem skyldi í því efni.

Fjölgun gjalddaga og greiðsluskila á staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts er eðlileg og réttmæt. Búast má þó við töluverðu vafstri og vinnu við útsendingu gagna til allra þeirra þúsunda félaga sem eru á skrá sem skilaskyldir aðilar sem og einstaklinga

1

sem .eru með útleigu íbúða án þess að um rekstur sé að ræða. Æskilegt væri að sett yrði reglugerð sem myndi undanþiggja smærri aðila og þá sem einungis greiða út arð einu sinni á ári skilaskyldu á gögnum.

Um skattlagningu vaxta erlendra aðila hafði ég þetta að segja þegar slíkt ákvæði var í frumvarpi á sl vetri: “Skattfrelsi erlendra eigenda slíkra vaxta virðist mega rekja a.m.k aftur til laga frá 1921 Öðru hvoru mun hafa borið á góma hvort eðlilegt væri að afnema það. Slíkt er pólitísk ákvörðun og með frumvarpinu er nú tekið af skarið í þessu efni. Er gerð ítarleg grein fyrir þessari breytingu í forsendum frumvarpsins. Ekki verður hér tekin afstaða til þessarar stefnubreytingar sem slíkrar. Tvísköttunarsamningar leiða til þess að í mörgum tilvikum er einungis um afdráttarskatt að ræða en ekki endanlega skattlagningu. Ljóst er að með samþykkt þessarar reglu verður um fjölgun skattaðila að ræða og það leiðir svo til aukinnar vinnu í skattkerfinu og hjá lánastofnunum sem henni nemur. Slíkt ætti þó ekki að íþyngja skattframkvæmdinni verulega og ætla má að meginþungi breytingarinnar varði þau skattumdæmi sem fjármálastofnanir og aðrir greiðendur vaxta eða milligöngumenn um greiðslur þeirra eiga lögheimili í ..”(Úr umsögn í bréfi dagsettu 9.mars sl)


Ákvæði 8, 9 og 10.gr frumvarpsins eru sett fram til að styrkja skattframkvæmdina og eru tvímælalaust til mikilla bóta og ættu gagnast skattstofum og skattkerfinu í heild verulega við að framkvæma embættisskyldur sínar.

Ákvæði laga um uppbót á eftirlaun hafa ekki verið lengi í gildi en töluverð vinna fylgdi upptöku þeirra í skattkerfið og var þar um að ræða enn eina sönnun þess hversu sveigjanleg og opin fyrir breytingum skattframkvæmdin þó er. En nú eru dagar þessa þáttar skattsýslunnar taldir með því að lagt er til lögín þar um falli niður. Rétt er þó að það komi fram í þessu sambandi að verulega hefur áunnist undanfarin misseri í afgreiðslu mála í samstarfi Tryggingastofnunar og skattkerfisins. Tekjutengingar bóta gera það að verkum að skattupplýsingar eru forsenda allra bótaumsýslu almennatrygginga. Enn er þó unnið að samþæfingu þátta á þessum vettvangi því alltaf má gera betur.

Áformað er nýtt 8 % skattþrep á tekjur umfram 700 000 kr á mánuði. Það er ljóst að hér er um breytingu að ræða sem getur ef ekki tekst vel til leitt til ófyrirsjáanlegra vandkvæða í framkvæmdinni. Lítil tími er til stefnu og þau launakerfi ofl sem breyta þarf flókin og vandmeðfarin. Á hitt er þó að líta að hér er um að ræða reglu sem tekur til tiltölulegra fámenns hóp sé litið til heildarfjölda skattgreiðenda og ætti á þeim grundvelli að vera unnt að leggja á og innheimta þennan sérstaka skatt þannig að rétt sé að staðið.

Tillaga um nýtt þrep í fjármagnstekjuskatti er töluvert frávik frá þeirri meginstefnu þeirra reglna sem um þann skatt hafa gilt, þ.e.a.s. að hafa kerfið sem gagnsæjast og einfaldast í framkvæmd. Hér ráða væntanlega tekjuöflunarsjónarmið ferðinni eins og við er að búast en minna má á að hætta erá að skattstofnar og skattar skili sér ekki á réttan hátt við hækkun skatthlutfalls frá því sem verið hefur.

Það er niðurstaða mín að áformaðar breytingar samkvæmt frumvarpinu að því er eflingu á heimildum skattyfirvalda séu til bóta og til þess fallnar að gera skattákvörðun eðlilegri og réttari en verið hefur. Önnur ákvæði gera það að verkum að á herðar skattstofufólks leggst töluvert aukin vinna og verkefni við upptöku nýrra reglna sem þó ætti ef rétt er að staðið að vera framkvæmanlegt enda verði hugað að starfsaðstöðu og hlíð að starfsemi skattstofanna eftir því sem tók eru á .

Virðingarfyllt

Steinþór Haraldsson
Sk: ttstjóri Suðurlandsumdæmis